

B 325/presidiet/C 2

Afgreiðsla Forsætisnefndin

Forsætisnefndins Nefndarálit forsætisnefndarinnar um
ráðherranefndartillögu um fjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir árið 2019

Tillögur

Forsætisnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um:

Að Norrænar orkurannsóknir (NEF) greini á árinu 2019 sóknarfærin í sjálfbærri notkun lífmassa á Norðurlöndum, einkum hvað varðar samgöngur og upphitun. Beita ber evrópskri og hnattrænni nálgun eins og nokkur er kostur við greininguna og taka mið af þeirri vinnu á sviðinu sem Norrænar orkurannsóknir stunda nú þegar. Til verkefnisins eru ætlaðar 300.000 danskra króna frá Norrænum orkurannsóknum og 100.000 danskra króna af framlögum til verkefna tengdum skógrækt.

Að á vegum sérskipaðrar ráðherranefndar um stafræna væðingu (MR-DIGITAL) verði ráðstafað að minnsta kosti 800.000 danskra króna af fjárhagsáætlun 2019 í því skyni að koma á gagnkvæmri viðurkenningu á rafrænum auðkennum landanna með það markmið að Norðurlönd verði heildrænt svæði hvað þau varðar.

Að ráðstafa 200.000 danskra króna af lið ráðherranefndar um umhverfis- og loftslagsmál til að hefja starfsemi í því augnamiði að draga úr losun örplasts sem getur borist í hafið og leggja sérstaka áherslu á hjólbarða sem eru helsti skaðvaldurinn. Starfsemin hefjist með því að gera yfirlit um aðgerðir í hverju einstökum landi.

Að ráðstafa 4.000.000 danskra króna af framlögum til forgangsmála í fjárhagsáætlun ársins 2019 til forgangsverkefnis Svía „Fjarlækningar og rafrænir lyfseðlar yfir landamæri“ sem einnig felur í sér stafræna þróun á „nálægri heilbrigðisþjónustu“.

Bakgrunnur

Margot Wallström, samstarfsráðherra Svíþjóðar, var sem formanni samstarfsráðherranna, MR-SAM, boðið á fund forsætisnefndarinnar 24. janúar í Stokkhólmi. Samstarfsráðherrann gerði grein fyrir áætlunum um að fjárhagsrammi Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir árið 2019 yrði óbreyttur frá árinu 2018 og að eftirfarandi svið nytu forgangs í fjárhagsáætluninni:



- Stafræn væðing
- Hreyfanleiki
- Kynning á Norðurlöndum í útlöndum

Forsætisnefndin lagði fram forgangssvið sín í fjárhagsáætlun:

- Þverlægt samstarf um svið lýðheilsu og menntamála
- Stafræn væðing
- Samstarf í orkumálum
- Stefnumótandi úttekt á samfélagsöryggi
- Stefnumótandi úttekt á starfi að afnámi stjórnsýsluhindrana í einstökum löndum
- Samgöngumál
- Samstarf um menningarmál

Framkvæmdastjóri Norrænu ráðherranefndarinnar lagði í fyrri hluta júnímánaðar fram tillögu að fjárhagsáætlun ráðherranefndarinnar 2019.

Forsætisnefnd og fagnefndir Norðurlandaráðs fjölluðu um tillöguna að fjárhagsáætlun í seinni hluta júnímánaðar.

Flokkahóparnir í Norðurlandaráði sendu forsætisnefndinni breytingartillögur við fjárhagsáætlunina seinni hluta ágústánaðar.

Hópur forsætisnefndar skipaður talsmönnum flokkahópa um fjárhagsáætlun kom saman 12. september í Nuuk til að ákveða hvaða breytingatillögur flokkahópanna talsmennirnir ættu að leggja til að forsætisnefnd tæki til athugunar við gerð fjárhagsáætlunar Norrænu ráðherranefndarinnar 2019.

Á fundi sínum 13. september í Nuuk samþykkti forsætisnefndin þær breytingartillögur sem talsmennirnir um fjárhagsáætlun settu á oddinn varðandi:

- Lífeldsneyti
- Norrænt rafrænt auðkenni
- Örplast
- Stafvæðingu og hjúkrun

Forsetinn átti fund með formanni samstarfsráðherranna í Stokkhólmi 8. október þar sem komist var að samkomulagi um forgangsröðun í tillögu að fjárhagsáætlun, svo sem fram kemur í tillöguliðum nefndarálitsins.

Umsagnir

Fjárhagsáætlunartillaga ráðherranefndarinnar var til umsagnar hjá flokkahópum og fagnefndum Norðurlandaráðs. Á grundvelli breytingatillagna sem borist höfðu lögðu



talsmennirnir um fjárhagsáætlunina áherslu á tillögur sem rætt verður um í samningaviðræðum Norðurlandaráðs við ráðherranefndina.

Sjónarmið forsætisnefndarinnar

Lífmassi

Forsætisnefndin gerir sér grein fyrir að lífmassi er að drjúgum hluta undirstaða orkuframboðs í nokkrum norrænum löndum og er notaður bæði til upphitunar og sem lífheldsneyti í samgöngum. Aftur á móti eru skiptar skoðanir um hvort lífmassi og lífheldsneyti hafi jákvæð áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda. Lífmassi í vexti bindur koltvísýring í andrúmsloftinu en losar koltvísýring við brennslu og því er jafnvægið þar á milli mikilvægur þáttur við heildarmat á loftslagsáhrifum. Fræðilega væri hægt að fella það inn í alþjóðlega loftslagssamninga en raunin er sú að það hefur ekki verið auðvelt.

Lífmassi er í hnattrænu tilliti takmörkuð auðlind og nýting hans í heiminum er sem stendur nálægt þolmörkum sjálfbærni. Norrænu löndin hafa mikla trú á notkun lífmassa en nálgast verkefnið á mismunandi hátt. Án fullnægjandi þekkingar er hætt við röngum ákvörðunum sem geta haft varanlegar afleiðingar fyrir miklar fjárfestingar með langan fyrningartíma. Þess vegna var það ein af niðurstöðum hringborðsumræðna Norðurlandaráðs um loftslagsmál og samgöngur í janúar 2018 að mikil þörf væri á nákvæmri greiningu og skoðanaskiptum á Norðurlöndum um þetta viðfangsefni og að stefna bæri að sameiginlegri afstöðu landanna. Norðurlönd búa einnig yfir þekkingu um sjálfbært skógarhögg sem önnur skógi vaxin lönd í Evrópusambandinu og um allan heim geta dregið lærdóm af.

Forsætisnefndin telur að málefnið sé mjög brýnt pólitískt mál. Loftslagsráð Danmerkur birti nýlega skýrslu með athugasemdum við verulegan innflutning Dana á lífmassa. Í skýrslunni *Þýðing lífmassa fyrir græn umskipti* leggur loftslagsráðið meðal annars til að ákveðin verði viðmið fyrir koltvísýringsgjald á lífmassa. Í bréfi sem Norðurlandaráð sendi loftslags- og umhverfisráðherrunum var hvatt til samnorræns átaks til að kanna hvernig tryggt yrði að notkun lífmassa og lífheldsneytis væri sjálfbær með hliðsjón af loftslagsmálum, bæði hvað varðar orkugjafa í samgöngum og upphitun. Ef til vill mætti byrja á sameiginlegri ráðstefnu þar sem faglegu röksemdirnar yrðu teknar til umfjöllunar.

Norrænt rafrænt auðkenni

Hvað varðar stafræna þróun og hið norræna-baltneska keppikefli að standa öllum öðrum löndum frammar um 5G-tæknina telur forsætisnefndin að Norðurlönd ættu að líta sameiginlega á tækifæri sem felast í stafvæðingunni, meðal annars með gagnkvæmri viðurkenningu á rafrænum auðkennum hvers annars, sem teldist vera norrænt rafrænt auðkenni.

Örplast

Að mati forsætisnefndar er fyrst um sinn um undirbúningsstörf að ræða á grunni fyrirbyggjandi rannsóknarniðurstaðna til að kanna hve mikið örplast berst út í umhverfið á Norðurlöndum af völdum hjólbarða. Í framhaldinu yrðu teknar saman þær ráðstafanir sem gripið hefur verið til í þeim tilgangi að draga úr þessari mengun.



Loks yrðu teknar upp samræður við ýmsa sem málið varðar á sviði rannsókna og atvinnulífs um möguleika á langtímaáætlun um norrænt eða alþjóðlegt samstarf um rannsóknir og þróun tæknilausna sem leiða til að losun örplasts úr hjólbörðum dragist saman.

Þungvægustu rökin eru að örplast hleðst upp í lífkeðjunni. Hjólbarðar eru taldir vera meginuppspretta örplasts sem berst í hafið í kringum Norðurlönd (dekk losa 1,5 kg af örplasti á þeim tíma sem þau eru í notkun) en vefnaðarvörur og málning ásamt losun plasts (plastkorna og umbúða) eiga einnig mikla sök á vandanum. Knattspyrnuvelliir með gervigrasi, sem áður var talið jákvætt endurvinnslutækifæri, eru enn einn skaðvaldurinn. Hugsanlegar ráðstafanir sem geta leitt til minni losunar á örplasti út í umhverfið eru meðal annars bönn, innra skipulag og uppbygging til að safna saman og fjarlægja örplast, vöruþróun og almenn vakning auk innleiðingar á hringrásarhagkerfi sem er fallið til að draga almennt úr myndun úrgangs. Norðurlönd geta styrkt samstarfið um nýsköpun í rannsóknum, tengt saman rannsóknir í löndunum og verkefni, samhæft viðbrögð og sömuleiðis tilraunir á hugsanlegum lausnum.

Stafræn væðing og heilbrigðisþjónusta

Hvað varðar stafræna þróun og hið norræna-baltneska keppikefli að standa öllum öðrum löndum frammar um 5G-tæknina telur forsætisnefndin að Norðurlönd ættu að líta sameiginlega á tækifæri sem felast í stafvæðingunni til að skipta úr sjúkrahúsþjónustu í „nálæga heilbrigðisþjónustu“ með því að rannsaka þróun norræns samstarfs á sviði rafrænnar heilbrigðisþjónustu og velferðartækni.

Osló, 30. október 2018

Bertel Haarder (V)
Britt Lundberg (ÅC)
Christian Juhl (EL)
Erkki Tuomioja (sd)
Gunilla Carlsson (S)
Heidi Greni (Sp.)
Jessica Polfjärd (M)

Magnus Ek (C)
Martin Kolberg (A)
Michael Tetzschner (H)
Mikkel Dencker (DF)
Oddný G. Hardardóttir
Wille Rydman (saml)